

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2018

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (hálfur lífeyrir), þingskjal 652 – 453. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (hálfur lífeyrir).

BSRB styður framgang þessa máls.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir
frankvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 17. apríl 2018

Efni: Umsögn um 453. mál, breyting á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (hálfur lífeyrir)

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 12. apríl sl. leitað eftir umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um framangreint þingmál.

Tilfni frumvarpsins er að hinn 1. janúar 2018 tóku gildi lög nr. 116/2016 sem breyttu lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og fleiri lögum. Með breytingunum er einstaklingum gefinn kostur á að taka hálfan ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, frá 65 ára aldri, að því skilyrði uppfylltu að allir skyldubundnir atvinnutengdir lífeyrissjóðir, sem einstaklingur á réttindi í, hafi heimilað sjóðfélögum töku á hálfum lífeyri. Eins og kemur fram í frumvarpinu er nauðsynlegt að breyta lögum um LSR eigi þessi breyting að ná til sjóðfélaga B-deildar LSR. Um 2.600 sjóðfélagar eru virkir greiðendur í sjóðnum og um 19.800 sjóðfélagar eiga svokölluð geymd réttindi í sjóðnum. Samtals eru því þarna undir 22.400 einstaklingar. Ef þessir einstaklingar eiga að geta átt möguleika á því að nýta sér þennan rétt er lagabreytingin nauðsynleg. Styður sjóðurinn því samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllt,
f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins


Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri